

Samherji fiskeldi ehf.  
Glerárgötu 30  
600 Akureyri

Akureyri, 15. september 2020  
UST202003-323/G.S.Á.  
08.12.02

**Efni: Eftirlit 2020 - Samherji Sigtúnum - Öxarfjörður - Reglubundið eftirlit þann 17.8.2020**

Þann 17. ágúst sl. fór fram eftirlit í fiskeldisstöð Samherja fiskeldi, Sigtúnum Öxarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar voru settar fram.

Virðingarfullst

*G. Stella Árnadóttir*  
Guðbjörg Stella Árnadóttir  
Sérfræðingur

*Hulda S. Jónasd.*  
Hulda Soffia Jónasdóttir  
Sérfræðingur

**Afrit:** Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra

**Eftirlit með fiskeldisstöö  
Landeldi**

**Eftirlit með fiskeldisstöö - Gátlisti**

Nafn rekstraraðila: Samherji fiskeldi, Öxarfirði	Dags. eftirlits: 18. ágúst 2020	Staðsetning stöðvar: Sigtúnum, Öxarfirði	Starfsleyfisflokkur: Óflokkað, fyrsta áhættumat 2020
Kennitala rekstraraðila: 610506-1060	Gildistími starfsleyfis: 2. júlí 2036	Kvittun aðhend: Já	Gerð stöðvar: Eldi á laxfiskum (klakfiski) við hrognaframleiðslu, allt að 11 tonn

Starfsemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			Um 7,5 tonn voru í stöðinni er eftirlit fór fram.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti?  Áætlaðar breytingar?	X			Nýtt starfs- og rekstrarleyfi í júlí 2020 en var áður inni í starfsleyfi Samherja fiskeldi, Öxarfirði. Verið er að byggja upp svæðið, setja palla við kerin og bæta aðgengi. Engar breytingar eru fyrirhugaðar á rekstrinum.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	X			Allar upplýsingar skráðar inn í Fish Talk, sambærilegt og í öðrum eldisstöðvum Samherja fiskeldis.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?			X	Nýtt leyfi, á ekki við, næstu skil fyrir 1. maí 2021.
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?			X	Nýtt leyfi, á ekki við, næstu skil fyrir 1. maí 2021.
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlunar aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímacundunnar og ótímacundunnar rekstrarstöðvunar)	X			Aðgengilegt í rekstrarhandbók á staðnum og í rafrænu kerfi.  Rekstraraðili sendi eftirlitsaðila neyðaráætlun og uppfærða vöktunaráætlun stöðvarinnar með tölvupósti eftir eftirlitið

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Landeldi**

Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	X			Uppfært skírteini var sent eftirlitsaðila að loknu eftirliti
Er neyðaráætlun til staðar?	X			Aðgengileg í rekstrarhandbók og í rafrænu kerfi.

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	X			Í gr. 2.1 er kveðið á um að rekstraraðili skuli setja sér umhverfismarkmið þau endurskoðuð a.m.k. á fjögurra ára fresti. Umhverfismarkmiðin eru þau sömu og fyrir aðrar stöðvar Samherja fiskeldis og aðgengileg í rekstrarhandbók.
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	X			Sjálfvirk fóðrun í gegnum Fish Talk
Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk vart?  Mælingar eða útreikningar?  Síðustu mælingar?	X			Í gr. 4.3 er kveðið á um að mæla efnainnihald vatns við inntak í stöðina og úr útrás frárennslis fyrst þegar lífmassi er í hámarki árið 2021 og næst fyrir árslok 2022. Síðan skal gera mælingar á a.m.k. þriggja ára fresti. Stöðin er nokkuð ólík öðrum eldisstöðvum þar sem einungis um klakfisk er að ræða en ekki matfisk.  Í gr. 4.3 er kveðið á um að skila mælingu á heildarfosfór og heildarköfnunarefni tvívar á ári við inntak í stöðina og við útrás. Búið er að taka eina mælingu og verða niðurstöður hennar sendar rekstraraðila.
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir?	X			Ekki var að sjá neina uppsöfnun í frárennslislæk, hvorki beint úr kerunum né neðar í læknum. Enga óeðlilega lykt, slý eða óhreinindi var

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Landeldi**

Hitaupgufun frá frárennslí? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslí?				að sjá. Svæðið var snyrtilegt á að líta.
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennslí, sjún, settjörn, tromlur, oþh.  Leið frárennslis frá keri að viðtaka.	X			Frárennslí stöðvarinnar rennur í bæjarlæk sem á upptök sín í vatnslindum í landi Sigtúna og þaðan c.a. 50 m leið út í Landsá. Landsá rennur svo um 2 km leið út í Jökulsá á fjöllum. Lækur sem rennur neðan við og meðfram kerunum þjónar tilgangi settjarnar og við enda hans er sigti sem síar frá stærstu þurrefnin og varnar sleppingum.
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerjum, ferskvatn, sjór).	X			Sjá að ofan, í lagi.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.	X			Í lagi
Meðhöndlun úrgangs og spiliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			Í gr. 3.10 er kveðið á um að fyrsta áætlun um meðhöndlun úrgangs skuli liggja fyrir ekki seinna en 1. nóvember 2020. Verið er að vinna í áætluninni. Allur dauðfiskur fer í stöðina í Núpsmýri og þaðan yfir í Skinnfisk til endurnýtingar.
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?	X			Í lagi
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.	X			Í gr. 4.4 er kveðið á um að rekstraraðili sendi ársyfirlit til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Næstu skil eru fyrir 1. maí 2021.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	Á ekki við
Næstu áætuðu mælingar? Hverjar?  Er það skv. starfsleyfi?				Í gr. 4.3 er kveðið á um að mæla efnainnihald vatns við inntak í stöðina og úr útrás frárennslis, fyrst þegar lífmassi er í hámarki árið 2021 og næst fyrir árslok 2022. Síðan skal

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Landeldi**

Hver sé um mælingarnar?	X			gera mælingar á a.m.k. þriggja ára fresti.  Í gr. 4.3 er kveðið á um að skila mælingu á heildarfosfór og heildarköfnunarefni tvísvær á ári við inntak í stöðina og við útrás.  Rekstraraðili tekur sjálfur sýni og sendir til greiningar hjá Sýni ehf.
-------------------------	---	--	--	--

<b>Niðurstöður síðasta eftirlits:</b>  Nýtt leyfi 2. júlí 2020	
<b>Samantekt:</b>	Þetta er fyrsta eftirlit síðan nýtt leyfi var gefið út. Stöðin er snyrtileg á að líta og áætlunar, mælingar og innra eftirlit skv. ákvæðum starfsleyfis. Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar voru settar fram.
<b>Annað</b>	Unnið er að byggingu palla umhverfis eldiskerin. Engir olíutankar eru í stöðinni, allt vatn er sjálfrennandi og því er engin vararafstöð á staðnum.  Kynning á verklagsreglum vegna sóttmenganda dýrahraða, áætlun um meðhöndlun úrgangs, útreikningar á losun í fráreinnsli í fiskeldi, leiðbeiningar um tilkynningar mengunaróhappa og skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017 voru send rekstraraðila með fundarboði vettvangsheimsóknar.  Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða og matið fyllt úr fyrir stöðina.

*Undirskrift eftirlitsmanns:*

*G. Stella Arnadóttir*

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Samherji fiskeldi Sigtún Öxarfirði



Dags eftirlits	17.8.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Samherji fiskeldi	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Glerárgötu 30	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	610406-1060	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Heiðdís Smáradóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Árni Ingólfsson	Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þetta er fyrsta eftirlit síðan nýtt leyfi var gefið út. Stöðin er snyrtileg á að líta og áætlanir, mælingar og innra eftirlit skv. ákvæðum starfsleyfis. Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar voru settar fram.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnir.

Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Boðað umfang vettvangsheimsóknar var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Farið yfir nýtt starfsleyfi fyrir Sigtún
- Vöktunarmælingar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.
- Kynning á verklagsreglum vegna sóttmengaðra dýrahraðja.
- Útreikningar á losun í frárennsli í fiskeldi.

## ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru settar fram við eftirlitið.

## ANNAÐ

Unnið er að byggingu palla umhverfis eldiskerin.

Engir olíutankar eru í stöðinni, allt vatn er sjálffrenndi og því er engin vararafstöð á staðnum.

Kynning á verklagsreglum vegna sóttmengaðra dýrahraðja, áætlun um meðhöndlun úrgangs, útreikningar á losun í frárennsli í fiskeldi, leiðbeiningar um tilkynningar mengunaróhappa og skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017 voru send rekstraraðila með fundarboði vettvangsheimsóknar.

Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða og matið fyllt úr fyrir stöðina.

Reykjavík, 15.09.2020

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Guðbjörg Stella Árnadóttir